

 Fw: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Búið til	18.1.2022 13:53:51
Höfundur	Hera Elfarsdóttir
Móttekið dags.	18.1.2022 12:33:35
Tilheyrir	 USK22010076 - Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022 - 2033

Efni

Fw: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs
--

UpplýsingarVinnsla

Móttekið dags.	18.1.2022 12:33:35	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	08.06.00 Sorphreinsun, sorpeyðing og endurvinnsla – almennt efni		
Lykilorð	grendargámar		

Pátttakendur

Frá	Viktoría Júlía Laxdal (Viktoria.Julia.Laxdal@reykjavik.is)
Til	usk@reykjavik.is

Innihald

Sæl Meðfylgjandi erindi Mannvits, dags 14. janúar 2022, varðandi Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022 – 2033 er sent umhverfis- og heilbrigðisráði til umsagnar. Viktoría Júlía Laxdal Verkefnastjóri, skrifstofa borgarstjórnar Ráðhúsi Reykjavíkur, Vonarstræti 11, 101 Reykjavík Tölvupóstfang: viktoría.laxdal@reykjavik.is (mailto:viktoría.laxdal@reykjavik.is) Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum http://www.reykjavik.is/trunadur (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.reykjavik.is%2Ftrunadur&data=04%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C6c08074966824e0b38ed08d9da7ebfca%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637781061212525906%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=y3DE7CQLYITjAzO8myvp38uah22pypvFkOaoLuSk%2F8w%3D&reserved=0)
--

Frá: Teitur Gunnarsson
Sent: föstudagur, 14. janúar 2022 15:36
Til: Borgarráðsgögn
Afrit: Dagur B Eggertsson
Efni: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Til Reykjavíkurborgar

Í samræmi við ákvæði 6. greinar laga nr. 55/2003 og samkomulag frá 15. maí 2009 hefur samstarfsvettvangur SORPU bs, Sorpurðunar Vesturlands hf. Sorpstöðvar Suðurlands bs og Kölku, sorpeyðingarstöðvar sf. unnið tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði samlaganna fjögurra fyrir tímabilið 2022 -2033.

Tillagan hefur á vinnslustigi verið kynnt á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og hlotið meðferð í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana sbr. lög nr. 111/2021.

Í samræmi við framangreind ákvæði laga nr. 55/2003 er tillagan nú send til allra þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að áætluninni til formlegrar staðfestingar.

Tillagan er aðgengileg á vef samlausnar sbr. neðangreinda slóð:

[www.samlausn.is \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.samlausn.is%2F&data=04%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C6c08074966824e0b38ed08d9da7ebfca%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637781061212525906%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=F5tVUM5HxPjVeMIOg9uNnWvkQEPURtq3r325NRCZ0I%3D&reserved=0\)](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.samlausn.is%2F&data=04%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C6c08074966824e0b38ed08d9da7ebfca%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637781061212525906%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=F5tVUM5HxPjVeMIOg9uNnWvkQEPURtq3r325NRCZ0I%3D&reserved=0)

Óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar fyrir 26. febrúar 2022.

Regards / Kveðja,

Teitur Gunnarsson

Fagstjóri efnaferla

Manager Chemical Processes

Tel / Sími.: 4223143

Mobile / GSM: 8617982



MANNVIT

[www.mannvit.is / \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mannvit.is%2F&data=04%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C6c08074966824e0b38ed08d9da7ebfca%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637781061212525906%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=KWFsk7BfUN0lp9r3oiLN%2BVjVg3ymq9NqeVtr0ocLANc%3D&reserved=0\)www.mannvit.com](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mannvit.is%2F&data=04%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C6c08074966824e0b38ed08d9da7ebfca%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637781061212525906%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=KWFsk7BfUN0lp9r3oiLN%2BVjVg3ymq9NqeVtr0ocLANc%3D&reserved=0)
(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mannvit.com%2F&data=04%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C6c08074966824e0b38ed08d9da7ebfca%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637781061212525906%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=8zgQ1nyaoxY3XiVuKTN%2FSEC%2BOYI79QPjld8W%2FOS6fzU%3D&reserved=0)

2140097-13 -PLE-0031.docx (225 KB)

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

14.01.2022

Varðandi: Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022 – 2033 til staðfestingar sveitarstjórnar

Í samræmi við ákvæði 6. greinar laga nr. 55/2003 og samkomulag frá 15. maí 2009 hefur samstarfsvettvangur SORPU bs, Sorpurðunar Vesturlands hf. Sorpstöðvar Suðurlands bs og Kölku, sorpeyðingarstöðvar sf. unnið tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði samlaganna fjögurra fyrir tímabilið 2022 -2033.

Tillagan hefur á vinnslustigi verið kynnt á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og hlotið meðferð í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana sbr. lög nr. 111/2021.

Í samræmi við framangreind ákvæði laga nr. 55/2003 er tillagan nú send til allra þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að áætluninni til formlegrar staðfestingar.

Tillagan er aðgengileg á vef samlausnar sbr. neðangreinda slóð:
www.samlausn.is

Óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar fyrir 26. febrúar 2022.

f.h. samstarfsvettvangs sorpsamlaga á Suðvesturlandi

Teitur Gunnarsson

Rúnar D. Bjarnason

Páll Guðjónsson

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 10-12

105 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2022

USK22010076

Efni: Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032

Vísað er til umsagnarbeiðni skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. janúar 2022 vegna tillögu að nýrri svæðisáætlun fyrir tímabilið 2022 – 2033 sem vísað var til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 16. febr. sl.

Skrifstofa umhverfisgæða hefur áður veitt umsögn um tillöguna, dags. 1. nóvember 2021, á grundvelli 15. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat áætlana og er vísað til þeirrar umsagnar.

Í fyrri umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs var spurt hvort og hvernig svæðisáætlunin er aðlöguð að þeim breytingum sem standa fyrir dyrum í úrgangsstjórnun m.a. með gildistöku nýrra laga um hringrásarhagkerfið. Svæðisáætlun er eitt af megin stjórnækjum sveitarfélaga til að ná fram markmiðum í úrgangsmálum, ásamt samþykktum, gjaldskrá og hagrænum hvötum.

Í svari við athugasemdum segir að umfjöllun um hringrásarhagkerfið hafi verið styrkt í allri umfjöllun og að megin markmið áætlunar sé í samræmi við hringrásarhagkerfið þó það hafi ekki verið sagt beinum orðum. Í uppfærðri áætlun sem nú liggur fyrir hefur tillit verið til margra athugasemda og ábendinga sem fram komu í fyrri umsögn. Þó hefði að mati undirritaðs mátt skerpa enn frekar á ýmsum atriðum til að auka skýrleika fyrir þá sem eiga að taka við svæðisáætlun og vinna með hana.

Í umsögninni var bent á að skýrleika vantaði á hvaða úrgangsflokkar teljast vera óvirkur úrgangur og gerð athugasemd við að í upptalningu á flokkum og magni úrgangs væri þessum úrgangsflokki blandað saman við grófan úrgang. Sú uppröðun er óbreytt í skýrslunni, en í skilgreiningu í aðgerðaráætlun skýrslunnar kemur fram skilgreining á óvirkum úrgangi skv. lögum; þ.e. úrgangur sem breytist ekki verulega- líf, efna eða eðlisfræðilega, þ.e. nánar lýst sem m.a. gler, múrbrot, keramik og grýttum jarðvegi. Þá er því lýst að misskilnings gæti oft um skilgreininguna og hún nái oft yfir sk. grófan úrgang húsögn og þessháttar. Tekið er undir svárið, enda megin ástæða að þess að gerð var athugasemd var við framsetningu í skýrslunni. Nokkurs misskilnings hefur gætt að sá óvirki úrgangur sem þarna er verið að vísa til sé í raun þeirrar gerðar að hann mætti nota í landmótun í Bolaöldu, en þar er tekið á móti óvirkum uppgreftri og steypubrotum í landmótun.

Í svari við athugasemd að þörf sé á urðunarstað undir úrgang sem ekki telst óvirkur samkvæmt skilgreiningu, er því svarað til að eingöngu hafi verið leitað að urðunarstað fyrir óvirkan úrgang, en leitað hafi verið eftir tímabundnum skiptisamningi við Sorpurðun Vesturlands um móttöku á óvirkum úrgangi. Af því leiðir að spurningunni er ósvarað, hvort þörf sé á hefðbundnum urðunarstað sbr. núverandi urðunarstað í Álfsnesi eða í Fíflholtum til urðunar á úrgangi sem ekki uppfyllir kröfur um að vera skilgreindur sem óvirkur úrgangur.



Einnig vekur athygli að áfram segir í skýrslunni að umfjöllun um ráðstöfun glers er óbreytt frá fyrri útgáfu að gler verði flokkað frá almennum úrgangi, og urðað og eða notað til landfyllinga. Í umsögn sviðsins var bent á kröfu í stefnu ráðherra í úrgangsmálum um gler verið endurnýtið og skilgreind markmið um endurvinnslu. Í lögum um meðhöndlun úrgangs segir að gleri skuli safna sérstaklega.

Í svörum við athugasemdum segir: „*glerið er brotið og notað sem fylling undir Sundabraut eða sem millilag yfir urðunarstaði sem urða lífrænan úrgang til að koma í veg fyrir aðgang nagdýra. Þetta er með leyfi Umhverfisstofnunar. Fylling undir vegi kemur í stað grjót/malarfyllingar og telst endurnýting. Gler er steinefni, af því stafar engin mengunarhætta nema vegna óhóflegs flutnings milli landa. Gera þarf lífsferilsgreiningu á samanburði þeirra kosta að flytja það þúsundir kílómetra til bræðslu erlendis miðað við að nota það til fyllinga hér á landi eða í annars konar endurvinnslu. Ýmsar leiðir eru til endurvinnslu, önnur en til glergerðar sem gætu hentað hér á landi. Slík vinnsla er hins vegar ekki á verksviði sveitarfélaga*“.

Þykir stíga í stúf að áætlunin geri ennþá ráð fyrir að gler sé urðað eða notað í landfyllingu, jafnvel þó að í athugasemdum sé lýst notkun þess sem telst vera endurnýting. Ráðherra leggur áherslu á endurvinnslu glers í stefnu sinni, þar segir: „*Það er því ljóst að bregðast þarf við og hefja endurvinnslu glerumbúða án tafar*“, en endurvinnsla er æskilegri meðhöndlun en endurnýting sé því komið við.

Það má nefna að bygging Sundabrautar er ekki hafin og eins er spurning hver eftirspurn verður eftir efni í millilag á urðunarstaði þegar urðun lífræns úrgangs hættir. Í stefnu ráðherra er það skilgreint hlutverk Endurvinnslunnar að ná þessum markmiðum, en að ábyrgðin sé sameiginlega hjá sveitarstjórnunum og Endurvinnslunni. Það hlýtur því að vera hagsmunamál sveitarfélaga að hráefni þetta sem sérsafnað er af sveitarfélögum hljóti þann endurvinnslufarveg sem honum er ætlaður. Að lokum skal bent á að unnin hefur verið vistferilsgreining sem sýnir ótvírætt umhverfislegan ávinning þess að endurvinna gler erlendis samanborið við framleiðslu á nýju gleri, þó vissulega hafi það ekki verið borið saman við endurnýtingu í vegagerð eða í urðun.

Í svari við athugasemdum um framleiðslu á brenni kemur fram að framleiðsla á brenni verði eingöngu skoðuð að ef ákveðið verði að byggja ekki brennslustöð hérlendis, en gera má ráð fyrir að framleiðsla á brenni kalli á frekari kostnað við flokkun úrgangs til að ná nauðsynlegum gæðum og. Varðandi vinnslu á olíu úr plasti er nefnt að slík framleiðsla er endurnýting á plasti sem ekki er hæft til endurvinnslu. Olíuna mætti nota á skipaflota. Slík aðgerð getur vel haft umhverfislegan ávinning, en kostnaðarmat fylgdi ekki tillögunni enda hún sögð vera á hugmyndastigi.

Í svæðisáætlun er skilgreindur farvegur fyrir meðhöndlun spilliefna sagður vera brennsla í Kólku eða meðhöndlun erlendis. Að sama skapi er meðhöndlun dýrahræja Kalka, hátæknibrennslustöð eða í brennslustöð fyrir dýraleifar að Strönd. Í niðurstöðuskýrslu starfshóps um forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar kemur fram að til dæmis spilliefni og dýrahræ eru ekki meðal þeirra efna sem þar verður tekið við til brennslu. Ljóst er að sú ný hábrennslustöð kemur væntanlega ekki í stað eða til viðbótar við Kólku til meðhöndlunar á spilliefnum og hugsanlega ekki áhættuvef 1 og 2, sem þar þarf að eyða. Ekki er ljóst að þær stöðvar sem fyrir hendi eru nái að taka á móti öllum áhættuvef sem fellur til á svæðinu.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið nú að breytingum á 9. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 m.a. vegna breytinga á tilskipun tilskipun 2008/98 með tilskipun 2019/851, þar sem vænta má að komi auknar kröfur til svæðisáætlana. Slíkar breytingar leiða ekki til þess að taka þurfi svæðisáætlun upp, en meta þarf á a.m.k. sex ára fresti hvort tilefni sé að ráðast í endurskoðun svæðisáætlunar. Heimilt er að ráðast í uppfærslu áætlunarinnar án sérstakrar auglýsingar. Starfandi er stefnuráð Sorpu sem ætlað er að móta framtíðartillögur um skipulag samlagsins, en hugsanlega er þörf á uppfærslu eða endurskoðun svæðisáætlunar í kjölfar vinnu ráðsins.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Friðrik Klingbeil Gunnarsson,
skrifstofa umhverfisgæða



Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Bréfsími 411 8505
www.reykjavik.is